

Lokaverkefni 15%

Nú þarft þú að skrifa **heimildaritgerð** um eitthvert af viðfangsefnum áfangans (sjá lista með hugmyndum á næstu síðu í þessum leiðbeiningum). Þú átt að nota APA heimildaskráningakerfið varðandi uppsetningu heimildaskrár og gerð tilvísana, sjá efni varðandi heimildavinnu undir viku 4. – 10. mars og leiðbeiningar á [vef ritvers Háskóla Íslands](#). Að venju skal vanda frágang, málfar og stafsetningu, enda er slíkt einnig lagt til grundvallar við einkunnagjöf.

Leiðbeiningar:

1. Veldu viðfangsefni og aflaðu þér heimilda um það (*ath. að velja þarf a.m.k. fjórar heimildir sem ekki er að finna á Moodlesíðu áfangans en að sjálfssögðu má einnig nota allt efni sem þar er*).
2. Útbúðu efnisgrind fyrir verkefnið. Ath. vel uppbyggingu ritgerða, þ.e. inngang með krækju, almennri umfjöllun og efnisyfirlit, meginmál sem byrjar vott en þrengir umfjöllun að svari við efnisyfirlit og lokaorð þar sem efni ritgerðarinnar er dregið saman og varpað fram hugleiðingum út frá innihaldi hennar.
3. Gott er að fá einhvern til að lesa ritgerðina yfir fyrir skil og/eða setja textann inn í [Skramba](#), villuleitarforrit. en athugið að forritið finnur einungis algengustu stafsetningar- og málfarsvillur en sér ekki gloppur í texta eða skrýtið orðalag.
4. Eins og í öllum verkefnum er miðað við snyrtilegan frágang verkefna, forsíðu sem uppfyllir fræðileg skilyrði, 12-14 punkta læsilegt letur (Times New Roman, Arial eða Calibri) og 1,5 línubil. Ath. að um heimildaverkefni er að ræða og fara þarf eftir APA heimildaskráningar- og tilvísanakerfinu.

Skila þarf heimildaverkefninu áður en önninni lýkur.

Skilakassi er undir síðustu kennsluviku, **29. apríl-5. maí**.

Dæmi um viðfangsefni í heimildaritgerð:

- Hátíðisdagar, t.d. bóndadagur, hrekkjavaka, öskudagur, þrettándinn ...
- Hátíðir, t.d. jól, giftingar, þorablót, áramót, útskriftir, bæjarhátíðir ...
- Hefðir og siðir, t.d. Innvígslusiðir (t.d.. busavígslur/íþróttafélög...), fjölskylduhefðir, hefðir mismunandi landa, hefðir tengdar atburður (t.d. giftingar, fermingar...) o.s.frv.
- Sagnir, t.d. sköpunarsögur, goðsögur, útilegumannasögur, öskubuskusögur, flökkusögur, álfasögur, ævintýri, brandarar ...
- Afþreyingarefni í nútímanum sem byggir á sagnaarfi, t.d. fantasíuskáldsögur, Witcher, Game of Thrones, Wheel of Time, Lord of the Rings, o.fl.
- Efnismenning, t.d. húðflúr, fatnaður, húsakostur, líkamsgötun, innbú, matur ...
- Þjóðhættir, t.d. leikir, veiðar, bústörf, dýrahald, matargerð, heimilishald, fatagerð ...

Ath. að ekki þarf að velja viðfangsefni af þessum lista, ef þú vilt skrifa um eitthvað annað ákveðið efni þá berðu það undir kennara (daniel.f.jonsson@vma.is) og færð samþykki fyrir því.